



# SPARNAÐUR

## UPPGREIÐSLUÞJÓNUSTA

Undirritaðir aðilar, þjónustukaupi og Sparnaður ehf., kt. 570902-2450, hér eftir í þessu samningi nefndur þjónustusali, gera á milli sín svofelldan samning:

### Þjónustukaupi

Nafn þjónustukaupa

Heimilisfang

Kennitala

Póstnúmer & staður

Símanúmer

Netfang

### Þjónusta og kostnaður

Þjónustusali skuldbindur sig til þess að veita þjónustukaupa neðangreinda þjónustu og þjónustukaupi skuldbindur sig til að greiða þjónustusala fyrir umbeðna þjónustu eftir neðangreindu vali:

Uppgreiðsluþjónusta lána: 1.990 kr. á mánuði.

Uppgreiðsluþjónusta lána: 790 kr. ásamt „Séreignartryggingu“ Bayern-Versicherung AG: 790 kr. á mánuði.\*

\*Þjónustukaupi greiðir eingöngu 790 kr. á mánuði miðað við að viðkomandi sé með virkan samning um „Séreignartryggingu“ Bayern-Versicherung AG. Virkur samningur telst vera samningur sem ekki hefur verið sagt upp af hálfu tryggingartaka sem er sá hinn sami og þjónustukaupi og regluleg iðgjöld berast inn á tryggingasamninginn.

Öryrkjar fá ávallt uppgreiðsluþjónustu lána á 790 kr., óháð því hvort viðkomandi greiði í „Séreignartryggingu“ eða ekki. Þetta er háð því að viðkomandi framvísi örorkuskírteini frá viðeigandi stofnun. Allt verð er með virðisaukaskatti.

### Kostnaður vegna skuldfærslna af kreditkorti eða vegna rafræns greiðsluseðils leggst ofan á mánaðargreiðslu þjónustukaupa.

Þjónustusali „Uppgreiðsluþjónustu lána“ getur endurskoðað gjaldskrá sína einu sinni á ári og skal senda þjónustukaupa tilkynningu um fyrirhugaða hækkun 30 dögum áður en hún tekur gildi.

Áætlaður sparnaður á vöxtum og verðbótum miðað við fyrirliggjandi gögn þjónustukaupa ásamt verðbólguþá sem nemur 4% út lánstímann: \_\_\_\_\_

### Greiðslutilhögun

Mánaðarleg greiðsla skal innt af hendi með eftirfarandi hætti:

Mánaðarleg skuldfærsla af greiðslukorti:

VISA

MasterCard

American Express

Kortanúmer \_\_\_\_\_ -- \_\_\_\_\_ -- \_\_\_\_\_ -- \_\_\_\_\_ Gildistími \_\_\_\_/\_\_\_\_ Upphæð \_\_\_\_\_ kr.

Rafrænn greiðsluseðill í heimabanka Upphæð \_\_\_\_\_ kr.

Staður og dagsetning

**Ég undirritaður þjónustukaupi geri mér grein fyrir að samningur þessi er óuppsegjanlegur í sex mánuði frá fyrstu mánaðarmótum eftir undirritun þessa samnings. Eftir þann tíma gildir grein 2 í skilmálum samningsins.**

Þjónustukaupi:

F.h. Sparnaður ehf.:

Nafn og kennitala

Nafn starfsmanns

Vottur að rétttri dagsetningu og undirritun aðila:

Vottur að rétttri dagsetningu og undirritun aðila:

Nafn og kennitala

Nafn og kennitala

Eintak þjónustukaupa

14102013

### 1. Efni samningsins

Uppgreiðsluþjónusta lána felur í sér að þjónustusali tekur að sér að hafa milligöngu um að flýta uppgreiðslu lána og/eða annarra fjárhagsskuldbindinga þjónustukaupa með því að greiða inn á höfuðstól þessara skuldbindinga í samræmi við umboð sem er fylgiskjal með samningi þessum. Nánar tiltekið mun þjónustusali hafa milligöngu um að fela viðskiptabanka þjónustukaupa að greiða mánaðarlega, á gjalddaga, höfuðstóls-greiðslu inn á tilgreinda skuldbindingu þjónustukaupa. Þjónustusala er einnig heimilt að hafa milligöngu um greiðslu afborgunar af skuldbindingunni sé þess sérstaklega getið í umboði því sem er fylgiskjal með samningi þessum. Allar millifærslur samkvæmt samningi þessum fara beint frá viðskiptabanka þjónustukaupa og til greiðslu á tilgreindri skuldbindingu. Í engu tilviki er millifært inn á reikninga þjónustusala.

### 2. Gildistími

Samningur þessi gildir þangað til síðasta lán þjónustukaupa er uppgreitt og lýkur án sérstakrar uppsagnar eða tilkynningar af hálfu aðila. Þegar hvert lán er uppgreitt mun þjónustusali uppfæra stöðu skulda þjónustukaupa, í samræmi við umboð til upplýsingaöflunar sem þjónustukaupi hefur veitt, og senda þjónustukaupa tilkynningu um hvaða lán sé hagstæðast að greitt sé inn á næst. Heimilt er að segja samningnum upp af hálfu beggja aðila og skal slík uppsögn vera skrifleg. Uppsögn skal berast fyrir tíunda hvers mánaðar.

### 3. Binditími

Samningur þessi er óuppsegjanlegur í sex mánuði frá fyrstu mánaðarmótum eftir undirritun þessa samnings. Eftir þann tíma gildir grein 2 í skilmálum þessum.

### 4. Trúnaður

Farið verður með allar upplýsingar sem trúnaðarmál í samræmi við lög um persónuvernd. Þjónustusali skuldbindur sig til að eyða upplýsingum varðandi uppgreiðslu lána þjónustukaupa jafnóðum og vinnu með upplýsingar er lokið eða í síðasta lagi þegar samningurinn rennur út.

### 5. Kostnaður

Þjónustukaupi skuldbindur sig til að greiða þjónustusala fyrir umbeðna þjónustu eftir neðangreindu vali:

- Uppgreiðsluþjónusta lána 1.990 kr. á mánuði.
- Uppgreiðsluþjónusta lána ásamt „Séreignartryggingu“ hjá Bayern-Versicherung AG 790 kr. á mánuði.\*

Þjónustukaupi greiðir eingöngu 790 kr. á mánuði miðað við að viðkomandi sé með virkan samning um „Séreignartryggingu“ Bayern-Versicherung AG. Virkur samningur telst vera samningur sem ekki hefur verið sagt upp af hálfu tryggingartaka sem er sá hinn sami og þjónustukaupi og regluleg iðgjöld berast inn á tryggingasamninginn.

Öryrkjar fá ávallt uppgreiðsluþjónustu lána á 790 kr., óháð því hvort viðkomandi greiði í „Séreignartryggingu“ eða ekki. Þetta er háð því að viðkomandi framvísi örorkuskírteini frá viðeigandi stofnun. Allt verð er með virðisaukaskatti.

Kostnaður vegna skuldfærslna af kreditkorti eða vegna rafræns greiðsluseðils leggst ofan á mánaðargreiðslu þjónustukaupa.

Þjónustusali „Uppgreiðsluþjónustu lána“ getur endurskoðað gjaldskrá sína einu sinni á ári og skal senda þjónustukaupa tilkynningu um fyrirhugaða hækkun 30 dögum áður en hún tekur gildi.

### 6. Önnur atriði

Þjónustukaupi gerir sér grein fyrir því að séu lán hans í vanskilum fer ætluð höfuðstólsgreiðsla til greiðslu af afborgun lánsins en ekki inn á höfuðstól. Þjónustukaupi gerir sér grein fyrir því að fjárhæð höfuðstóls lána og greiðslutími geta tekið breytingum í samræmi við skilmála láns, m.a. vegna gengisþróunar og vísitölubreytinga. Sé ekki innstæða á reikningi þjónustukaupa fyrir millifærslu samkvæmt samningi þessum, þrjá mánuði í röð, getur þjónustusali fellt samning þennan einhliða úr gildi.

Þjónustukaupi gerir sér grein fyrir að það getur komið til uppgreiðslugjalds af hálfu lánastofnana sé það innifalið í skilmálum viðkomandi lána. Þjónustusali ber ekki ábyrgð ef til þess kemur að viðskiptabanki þjónustukaupa geri mistök, hafni skuldfærslu eða greiðslufyrirmælum, og/eða takist ekki að skuldfæra fyrir fram ákveðna upphæð vegna þess að innstæða bankareiknings þjónustukaupa er ekki nægileg. Þjónustukaupi gerir sér grein fyrir því að þjónustusali ber ekki ábyrgð á fjármálum þjónustukaupa enda er þjónusta takmörkuð við að flýta uppgreiðslu lána.